

Mánudaginn 23. júní 1919

Nr 33/1919:

Réttvisin
gegn
Vidar Vik.

D ó m u r :

Í máli þessu er ákærði Vidar Vik, umboðssali hér í bænum, ákærður fyrir sviksamlegt athæfi, en með dómi aukaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 14. apríl þ.á., var ákærði sýknaður af ákæru sóknarans í málinu, en dæmdur til að greiða málskostnað. Þessum dómi er af hálfu réttvísinnar skotið til yfirdómsins.

Málavextir eru þeir, að þegar e/s. Lagarfoss lá hér á Reykjavíkurhöfn um mánaðarmótin janúar og febrúar þ.á., keypti ákærði tvívegis áfengi af brytanum á skipinu A. S. Borch Tegner og borgaði það í hvort skiptið við móttöku; talaðist enn fremur svo til milli þeirra ákærða og brytans, að brytinn skyldi selja ákærða áfengisbyrgðir þær, sem hann ætti eftir þegar skipið færi; skyldi ákærði koma út í skipið og sækja áfengið, þegar lögreglan væri búin að líta eftir hvort innsiglin fyrir áfenginu væru heil, og var svo tilætlast að ákærði greiddi andvirði áfengisins við móttöku. Ákærði kveðst þó hafa verið hættur við þessi kaup bæði af því að hann vantaði peninga, og þó enkum af því að hann var hræddur um að þetta myndi komast upp. Ákærði var staddur niður við steinbryggju hinn 1. febrúar, er Lagarfoss blés til brottferðar og lá skipið þá fyrir utan hafnargarðana.

Datt honum þá í hug að ná í hið umrædda áfengi, fékk sér mótorbát, sem lá við bryggjuna og hélt á honum út í skipið. Fékk hann þá hjá brytanum 276 flöskur af áfengi og kostuðu þær 3828 kr. Flutti hann áfengi þetta í land á mótorbátnum skamt frá Laugarnesi og faldi það þar á milli steina nema 4-5 flöskur, sér hann hafði með sér til bæjarins. Daginn eftir kveðst ákærði hafa farið að vitja um áfengið, en það hafi þá allt verið horfið, og hefir hann manninn í mótorbátnum grunaðan um að hafa stolið því, með því að hann hafi verið sá eini, er vissi um það og hafi ekki komið til sín til að sækja 90 kr., er eftir voru ógreiddar af borgun þeirri, er maður þessi hafði áskilið sér fyrir aðstoð sína.

Ákærði hefir engar upplýsingar getað gefið um mann þennan eða mótorbát, og hefir ekki náðst í manninn eða frekari upplýsingar fengist um þetta.

Ákærði heldur því fram að hann hafi sagt brytanum, er hann kom út í skipið að hann hefði ekki peninga til að borga áfengið. Kveður hann brytann hafa sagt að það gerði ekkert til, hann gæti selt áfengið og borgað sér, er hann, brytinn, kæmi aftur að vestan; hins vegar hafi brytinn krafist þess að fá viðurkenningu fyrir skuldinni og drengskaparloforð hans um að greiða andvirði áfengisins, þótt það yrði gert upptækt. Kveðst ákærði þá gefið út og fengið brytanum tékkávisun á Íslandsbanka sem viðurkenningu fyrir skuldinni og hafi jafnframt sagt brytanum að hann ætti ekki peninga í bankanum fyrir upphæðinni og hafi brytanum því verið það ljóst, að tékkávisunina bæri að skoða þeirra á milli sem

viðurkenningarskjal eða tryggingu, en ekki sem borgun fyrir áfengið.

Þegar Lagarfoss kom aftur frá Ameríku var ávísuninni framvísað í Íslandsbanka, en þar var því svarað, að ákærði ætti enga peninga inni, en hefði flutt þá yfir í Landsbankann. Fór brytinu þá heim til ákærða til að krefja hann um greiðslu. Kveðst ákærði þá hafa sagt honum, að hann hefði von um að geta borgað skuldina í Landsbankanum, en kveðst þó hafa tekið það fram að hann ætti ekki peninga inni í bankanum. Varð það þá úr að ákærði fylti út tékkávísunareyðublað á Landsbankann, fyrir sömu upphæð og hina fyrri ávísun, til sjálfs síns, kvittaði aftan á ávísunina og kveðst hafa fengið brytanum hana til aukinnar tryggingar skuldinni. Ætlaði brytinn þá að skila ákærða tékkávísuninni á Íslandsbanka, en ákærði vildi ekki taka við henni og kveðst hafa sagt brytanum að hafa báðar ávísanirnar til tryggingar skuldinni; varð það þá úr að brytinn hélt báðum ávísununum. Er þeir ákærði og brytinn töludust við í þetta skipti, var þar í herberginu viðstaddur maður að nafni Gústaf Sigurbjarnarson. Hefir hann verið leiddur sem vitni; hefir hann borið það, að hann hafi ekki heyrt eða tekið eftir hvað þeir töludu um, en hann sá að ákærði útfylti tékkávísunar eyðublað á Landsbankann, undirskrifaði það og kvittaði og fékk brytanum; hafi þá brytinn ætlaði að fá ákærða annan tékk á Íslandsbanka, en ákærði hafi færst undan að taka við honum og sagt að brytinn gæti haldið honum líka til frekari tryggingar

og hafi þá brytinn stungið báðum ávísununum á sig.

Brytinn framvísaði ávísuninni á Landsbankann en fékk hana eigi greidda og eftir margar árangurslausar tilraunir til að fá skuld sína greidda hjá ákærða, kærði brytinn hann fyrir lögreglunni.

Brytinn hefur neitað því fyrir réttinum að ákærði hafi sagt honum eða hann á annan hátt hafi vitað, að ákærði ætti ekki peninga í bönkunum fyrir ávísununum, og kveðst hafa tekið við þeim báðum sem greiðslu á skuld ákærða en ekki sem skuldarviðurkenningu. Ákærði hefur hins vegar haldið fast við framburð sinn og neitar því afdráttarlaust að hann hafi viljað blekkja brytann með því að fá honum hinar umræddu ávísanir. Fyrri ávísunina kveðst hann hafa ætlað sér að innleysa með þeim peningum, er hann fengi fyrir áfengið með sölu þess, og hann hefir tilgreint mann, er hann kveðst hafa haft von um að mundi hjálpa sér til að innleysa hina síðari, og kveður hann það enn vera ásetning sinn að greiða brytanum skuldina.

Þegar nú er litið til tegundar viðskifta þeirra, sem þeir áttu brytinn og ákærði, og til framburðar vitnisins Gústafs Sigurbjarnarsonar þykja ekki vera framkomin í málinu næg gögn til þess að hnekkja framburði ákærða, og þykir því ekki fært gegn eindreginni neitun hans að telja sannað, að hann hafi gefið hinar umræddu ávísanir út í sviksamlegum tilgangi. Það ber því, svo sem undirdómarinn hefir gert, að sýkna ákærða af ákæru réttvisinnar í

máli þessu. Allan kostnað sakarinnar þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 20 krónur til hvors, ber að greiða af almannafé.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Viðar Vik á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu. Sakarkostnaður allur, þar með talin málfutningslaun skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálafutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen, 20 kr. til hvors, greiðist af almannafé.

Mánudaginn 28. júlí 1919.

Nr. 64/1918:

Lárus Féldsted f. h.
Valdemars Thorarensen
gegn
Guðmundi Eiríkss.

D ó m u r :

Við áfrýjun máls þessa, sem farið hefir verið með og dæmt fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og sem báðir aðilar hafa skotið til yfirdómsins, hefir settum bæjarfógeta Vigfúsi Einarssyni, er fór með málið fyrir bæjarþinginu frá 21. febrúar til 1. apríl f. á.,